

Þriðjungur ökumanna í Reykjavík notar ekki stefnuljós


Í könnun sem Brautin – bindindisfélag ökumanna gerði í byrjun apríl 2013 í Reykjavík kemur í ljós að 66% ökumanna gefa stefnuljós þegar við á. Félagið gerði athugun á nokkrum gerðum gatnamóta til að kanna hvort það skipti máli við hvaða aðstæður ökumenn gefa stefnuljós. Alls voru taldir tæplega 2.400 bílar.

Eftirfarandi staðsetningar voru kannaðar:

- Hefðbundin vinstri beygja (Snorrabraut/Eiríksgata)
- Hefðbundin hægri beygja (Reykjavegur/Sundlaugavegur)
- Að – og fráreinar á stofnbrautum (Kringlumýrarbraut/Miklubraut)
- Hringtorg. Þar var bæði skoðað hringtorgið við Þjóðminjasafnið og hringtorgið neðst á Smiðjuvegi í Kópavogi.




Eins og meðfylgjandi línurit sýnir þá var mikill munur á stöðum



Langbesta stefnuljósanotkunin var á hringtorginu á Hringbraut við Þjóðminjasafnið. Þar notuðu 82% ökumanna stefnuljós.

Þó mátti sjá mun hvort ökumenn væru að aka eftir innri eða ytri hring. Skoðað var hvort ökumenn í innri hring notuðu stefnuljós þegar farið var út úr hringtorgi en ökumenn í ytri hring hvort þeir gæfu stefnuljós þegar ekið var fram hjá útakstri í ytri hring. Það er vegna þess að sá sem er í ytri hring er álitinn skipta um akreina þegar hann fer fram hjá gatnamótum þar sem hann sker




punktalínuna. En á sama hátt fylgir hann akreininni þegar hann fer út úr hringtorgi og þarf því strangt til tekið ekki að gefa stefnuljós, þó það sá alltaf mælt með því. Eins og línuritið hér að framan sýnir, þá var umtalsvert meiri stefnuljósanotkun í innri hring á þessum stað eða 90% af ökumönnum á móti 73% ökumanna sem óku í ytri hring. Það er merkilegt að bera saman hringtorgið við Þjóðminjasafnið og á Smiðjuveginum í Kópavogi. Á Smiðjuvegi notuðu einungis 64% ökumanna stefnuljós. Þar var einnig einkennandi fyrir þá ökumenn sem komu niður Smiðjuveginn að mjög margir tóku vinstri akrein inn í innri hring og óku svo strax út á fyrstu útkeyrslu. Það er ætlast til þess að ökumenn noti ytri hring við slíkar aðstæður. Líkleg skýring á þessu er að þessi hluti hringtorgsins er mjög illa hannaður og má ætla að margir líti svo á að Smiðjuvegurinn liggi í beygju inn á Stekkjarbakkann og átta sig ekki á að þeir eru að aka inn í hringtorg.

Munur á hægri og vinstri beygju.

Greinilegur munur er á stefnuljósanotkun á þeim stöðum þar sem kannað var með vinstri og hægri beygjur.

Á Snorrabraut notuðu 65% ökumanna stefnuljós en ekki nema 54% í hægri beygju við Reykjaveg.


Konur duglegri að gefa stefnuljós



Eins og sjá má á línuritinu hér til vinstri þá var kynjaskipting ökumanna skoðuð þar sem taka þurfti vinstri beygju af Snorrabraut inn á Eiríksgötu. Áberandi munur var milli kynja. Meðan 78% kvenna notuðu stefnuljós, voru ekki nema 59% karla sem notuðu þau. Getur verið að konur séu samviskusamari í umferðinni en karlar? Við látum hvern og einn svara því fyrir sig. En ljóst er að þarna er mikill munur.

Ökumenn í símanum

Það var áberandi að þegar ökumenn voru í símanum voru margfalt minni líkur á að þeir gæfu stefnuljós. Þetta var einnig skoðað við vinstri beygju á Snorrabraut inn á Eiríksgötu. Í ljós kom að einungis 25% ökumanna sem voru í símanum án handfrjáls búnaðar notuðu stefnuljós þegar tekin var vinstri beygja. Þetta þarf ekki að koma á óvart því rannsóknir sýna svo óumdeilt er að farsímanotkun truflar ökumenn og takmarkar getu þeirra til að sinna þáttum eins og að gefa stefnuljós, fylgjast með öðrum vegfarendum og halda stöðugum og jöfnum akstri.



Tilmæli frá Brautinni

Brautin – bindindisfélag ökumanna minnir ökumenn á að nota stefnuljós. Þau eru mikilvægt öryggistæki og gefa öðrum tækifæri til að taka tillit til okkar og bregðast tímanlega við því sem við erum að gera. Þá vill Brautin minna enn einu sinni á mikilvægi þess að vera með fulla athygli við aksturinn. Akstur er full vinna, ekki hlutastarf og mistök við þessa vinnu geta verið dýru verði keypt.

Einar Guðmundsson
formaður Brautarinnar.